

# Dettifossvegur

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðs vegar frá Austurfjöllum að  
Ásbyrgi



**Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson**



**FS255-04061b  
Reykjavík 2005**

2. útgáfa

*Forsíðumynd er af vörðu SP-208:139. Horft austur yfir Jökulsá á Fjöllum*

*© Fornlei fastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: fsi@instarch.is*

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	4
2. ÁHRI F FRAMKVÆMDA Á FORNLEI FAR.....	6
3. LANDSHÆTTIR Á ÁHRI FASVÆÐI NU.....	8
4. SKRÁNI NGARÐFERÐIR.....	11
5. FORNLEI FASKRÁNING.....	14
6. MI NJAR INNAN ÁHRI FASVÆÐIS DETTI FOSSVEGAR.....	25
HEIMI LDIR.....	27

Viðauki 1: GPS skrár fyrir minjastaði

Viðauki 2: Fornleifakort

## 1. INNGANGUR

Fyrirhuguð er lagning nýs vegar sem mun liggja vestan Jökulsár á Fjöllum, frá Hringvegi á Austurfjöllum og norður að Norðausturvegi skammt vestan Ásbyrgis, alls um 52 km. Afleggjarar austur að Dettifossi, norður í Hólmatungur og suðaustur í Vesturdal verða einnig lagðir. Að ósk Vegagerðarinnar á Akureyri vann Fornleifastofnun Íslands úttekt á fornleifum innan áhrifasvæðis vegarins árið 2004. Í verkinu fólst að gera mat á áhrifum fyrirhugaðra vegaf framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Í september 2005 hafði Vegagerðin samband á ný með beiðni um úttekt á tveimur mögulegum veglínunum Dettifossvegur. Við þróun veglínu var bætt við tveimur mögulegum vegstæðum sem lágu utan rannsóknarsvæðis og fyrri úttekt náði því ekki til. Sökum þessa, og að beiðni Vegagerðarinnar, fór Fornleifastofnun aftur á svæðið og rannsakaði þær veglínur sem bæst höfðu við og nefndar eru Veglína A og Veglína B.

Áður en lagt var af stað var ekki talið mikilla minja að vænta á svæðinu sunnan við Dettifoss þar eð ekki er vitað um byggð þar. Norðan við Dettifoss hefur hins vegar lengi verið byggð. Fyrirhugað vegarstæði er að mestu utan athafnasvæðis manna frá Dettifossi og norður að Lönguhlíð, eða þar til kemur norður að láglandinu suður af Meiðavallaskógi. Þar eru flestar fornleifar að finna.

Við fornleifaskráningu voru skráðar allar minjar innan áhrifasvæði vegarins og þar með allar þær fornleifar sem mögulega gætu lent undir veginum. Þetta var gert svo fyrir lægi heildarmynd af fornleifum á svæðinu áður en hönnun veglínunnar kæmist á lokastig.

Áður en vettvangsvinna hófst var heimildavinna unnin þar sem öllum þekktum upplýsingum um fornleifar á svæðinu var safnað saman. Heimildavinnuna vann Sædís Gunnarsdóttir. Vettvangsvinna var unnin af Ugga Ævarssyni sem einnig er höfundur skýrslunnar. Verkið var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar. Vettvangsvinna fór fram um miðjan ágúst 2004 en þá var gengið um áhrifasvæði vegarins. Síðari hluti verksins var unnin af Stefáni Ólafssyni undir handleiðslu Elínar Óskar Hreiðarsdóttur fornleifafræðings. Niðurstöðum þeirrar vinnu var skeytt við fyrri skýrslu og sá Sædís Gunnarsdóttur um þann hluta verksins. Fær texti fyrri skýrslunnar að halda sér að

mestu en viðbótum var hnýtt aftan við viðeigandi kafla. Loftmyndir, sem sýna dreifingu fornleifa innan áhrifasvæði vegarins, eru aftast í skýrslunni og bætt hefur verið við yfirlitskorti ásamt korti sem sýnir legu Gamlavegar..

Þeim heimildamönnum sem lögðu skrásetjurum lið eru færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina.

## 2. ÁHRIF FRAMKVÆMDA Á FORNLEIFAR

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mórgröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í

14. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“

Það eru því hagsmunir framkvæmdaaðila að hægt sé að fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

### 3. LANDSHÆTTIR Á ÁHRIFASVÆÐINU

Fyrirhugað er að svonefndur Dettifossvegur liggi norður frá Hringvegi á Mývatnsöræfum á milli tveggja lágra hraun- og sandhryggja. Flatneskjan á milli hryggjanna er mjög svo lausgróin og rísa lágar hraunklappir úr sendnum sverðinum.

Eftir því sem norðar dregur bætir í svartan sandinn og þegar kemur að Jökulsá á Fjöllum er gróðurinn orðinn hverfandi og norður með ánni, h.u.b. 4 km norður frá Hringvegi, tekur úfin, en nokkuð sendin hraunspilda við sem liggur frá vestri til austurs. Norðan hraunspildunnar taka svo við bæði grýttir- og sendnir melar og gisnir melgresisbrúskar hér og hvar. Stöku gróðurtorfur eru bæði sunnan og norðan landgræðslugirðingar sem sker vegarstæðið (A-V) um 14 km norðan Hringvegar. Megineinkenni svæðisins eru þó svartar sandbreiður.

Allt norður að Hólmatungum er gróður mjög svo strjáll og gisinn en þegar komið er norður fyrir Hólmatungur þéttist gróðurinn og má segja að svæðið þar suður af sé algróið. Meiðavallaskógur er sístækkandi birkiskógur á láglandinu í Kelduhverfi nærri sjónum. Þar við eru flestar þær fornleifar sem fundust og verður þeim gerð skil hér á eftir.

#### *Staðsetning veglína*

Við vettvangsrannsókn 2005 var gengið eftir Veglínu A og B en önnur hvor þeirra kann að leysa af núverandi veg nr. F862. Tilgangurinn með þessari yfirferð var leit að mögulegum fornleifum sem veglínurnar gætu haft áhrif á. Byrjað var á að ganga eftir Veglínu B sem byrjar við suðurmörk þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, vestan Hraundala. Veglína B liggur frá núverandi vegarstæði, þ.e. Hólmatungnavegi til suðausturs að Jökulsá á Fjöllum þar sem hún sameinast öðru fyrirhuguðu vegarstæði; Veglínu B1 sem liggur enn austar og nær Jökulsá á Fjöllum en Veglína B. Veglína A sem byrjar á sama stað og áður nefnt vegstæði, þ.e. við Hólmatungnaveg. Veglínan fylgir núverandi vegi þar til kemur að Sandhrygg en þá skiljast þeir að fullu að og er vegarstæði Veglínu A allt að



*Lagt af stað frá þjóðgarðsmörkum og horft til suðausturs*




tveim kílómetrum austar en núverandi vegur.

#### *Vettvangsrannsókn 2005*

**Veglína B** Veglínan byrjar all nærri eða lítið eitt vestan við núverandi vegarstæði. Landið er mjög blásið, jarðvegur sendinn og gróðurlítill. Nokkuð er um sandöldur og frekar stórgrýtt er á svæðinu. Þegar nær dregur Norðmelshæðum er landið nær eingöngu ber melur sem endar í uppþornuðum árfarvegi. Sunnar en áður nefndur árfarvegur og norðar en landgræðslugirðing sem Veglína B fer í gegnum, er landið gróið lyngi og víði en umhverfis sjálfa girðinguna og sunnan hennar allt til Jökulsár á Fjöllum er landið lítið annað en vindsorfnar sandöldur, melar og rofabörð. Engar mannvistarleifar fundust á þessu svæði.

**Veglína A** Veglínan hefst á sama stað og Veglína B en liggur vestar og fylgir mikið til núverandi vegarstæði að Sandhrygg. Þó er um rúma tvo kílómetra að ræða á þessum hluta sem núverandi og hið fyrirhugaða vegarstæði skilja og kemur hið nýja til með að liggja vestan við núverandi vegstæði á lyngivöxnum hæðarrana sem sunnar og nær Norðurfjöllum aðskilur áður nefnd vegarstæði. Þar sem hæðarranann ber á milli vegarstæðanna er vottur af tveimur götuslóðum. Slóðarnir voru óverulegir og mögulegt er að einungis sé um kindaslóða að



*Ögrei ni legir slóðar.  
Horft til vesturs.*

ræða en ekki gamlar götur það er þó mögulegt að þær séu hvoru tveggja kindaslóði og reiðvegur þegar smalað er á þessum slóðum. Nánari lýsing á slóðunum og öðrum mannvistarleifum er að finna aftast í bréfinu. Sunnan við þennan hæðarrana liggja vegarstæðin svo saman á ný og svo til á sama stað þar til kemur að eystri hluta Norðurfjalla við Sandhrygg, þá skiljast vegarstæðin aftur og ber allt að tveim kílómetrum á milli þeirra þegar mest lætur. Veglína A liggur þar austan við núverandi vegarstæði um svokallaða Hámóa austan Austaribrekku (sem núverandi vegur liggur um) og vestan Litla- og Stóra-Sveins sem eru gígar norðvestur af Sveinahrauni. Miðja vegu á þessum vegarkafli þar sem vegarstæðin skiljast og þar sem nýja vegarstæðið endar við þjóðveg nr. 1 er landskiki girtur landgræðslugirðingu sem

vegurinn kemur til með að liggja í gegnum. Sunnan Sandhryggjar, um þrjá kílómetra norðar en norðurmörk landgræðslugirðingar er landið hæðótt og stórpýft, vaxið víði og fjalldrapa. Þegar sunnar dregur tekur landið að rísa lítið eitt að landgræðslugirðingu og á leiðinni verður gróðurhulan smám saman þynnri og víða verður vart rofs í henni, uppþornaðir árfarvegir og melar. Innan landgræðslugirðingar er víðirinn hávaxnari en utan girðingar en gróðurhulan svo til engin og jarðvegur mjög sendinn. Sunnan landgræðslugirðingar landslag og gróðurfar svipað og norðan hennar, hæðir og hvammar eru mjög sparlega vaxnir gróðri. Þegar tekur að nálgast

þjóðveg nr. 1 verður fyrir gamall vegur sem liggur samsíða þjóðveginum norðan megin í um 130–150 m fjarlægð og voru tekin hnit á honum þar sem vegurinn liggur í gegnum hann. Vegurinn nefnist Gamllivegur og er hann varðaður (SP-208:124). Ein af vörðunum lendir innan vegarstæðisins (sjá 4. kafla). Aðrar fornleifar eða




*SP-208:124 horft til suðurs*

mannannaverk varð ekki vart en þær sem hér hafa þegar verið getið.

## 4. SKRÁNINGARAÐFERÐIR

Kerfisbundin fornleifakönnun mun ekki hafa til þessa farið fram á vettvangi innan áhrifasvæðis Dettifossvegjar, hvorki aðalskráningu fornleifa né uppgreftir. Sædís Gunnarsdóttir sá um svæðisskráningu vegna verksins og tók saman ritheimildir sem lúta að menningarminjum á svæðinu. Þeirra fornleifa sem menn hafa vitað um á 20. öld er getið í örnefnalýsingum sem ritaðar hafa verið eða teknar saman eftir frásögnum staðkunnugra, af þeim Ara Gíslasyni, Skúla Skúlasyni og Kristjáni Eiríkssyni á 7. og 8. áratugum aldarinnar. Einnig er talað um fornleifar í bókollu sýslunnar, *Land og fólk* (útg. 1985). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um Þingeyjarsýslu eru upplýsingar um svæðið. Engar friðlýstar fornminjar eru á svæðinu sem hér er tekið fyrir.

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (NP, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyrja. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NP-005:005). Fornleifaskrá hvorrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.



Dæmi um hvernig skráning á dæmigerðum minjastað lítur út

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá af hvaða toga (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Fornleifar sem eru 50 m eða minna frá fyrirhugðu framkvæmdasvæði eru metnar í hættu, enda þarf að fara með gát í námunda við þær. Séu fornleifar lengra frá þungamiðju framkvæmda teljast þær ekki í hættu nema til komi breytt skipulag. Vitanlega er ekki alltaf hægt að flokka fornleifar nákvæmlega í hættuflokka eftir fjarlægð frá fyrirhuguðu vegarstæði sem ekki er nákvæmlega gefið upp.

## 5. FORNLEIFASKRÁNING

### SP-208 Reykjahlíð

30 hdr. 1712. Kirkjustaður. Taldist 40 hdr. 1839 - SSP, 122. Reykjahlíð I er 1/4 hluti jarðarinnar. Reykjahlíð II var 1/3 jarðarinnar en árið 1962 var Reykjahlíð IV byggð á 1/3 jarðar Reykjarhlíðar II, að Reykjarhlíð II er rekið gistiheimilið Hótel Reykjahlíð. Reykjahlíð III er á 1/6 gömlu jarðarinnar. Reynihlíð var 1/8 gömlu jarðarinnar en árið 1957 var nýbýlið Víðihlíð stofnað á hálfu því landi, þar er einnig hótel Reynihlíð til húsa. Bjarg er nýbýli reist á 1/8 hluta Reykjahlíðar. Gröf, Stöng og Fagranes voru í landi Reykjahlíðar, fóru allar undir hraun er Leirhnjúkur brann 1728-1730. Hlíðarhagi var býli frá 1860-1878. Austrasel var býli frá 1861-1877. Einnig er eyðihjáleigan Hrauney í landi Reykjahlíðar.

1919: 7,7 ha. 19/20 sléttað, garðar 2370 m<sup>2</sup>. 1839: "... geysi landvið jörð en sára heyskaparlítill og einkum örðug. Veiðiskapur er henni fjarlægur og skjaldfenginn.

Eggver til þægilegheita. "SSP, 122.

Möðrudalskirkja átti sjö kapla göngu yfir um Jökulsá (1408 og 1493 - DI VII, 198; XII, 39) og 1532: "á Mývatnsöræfi fyrir norðan Jökulsá og hálfar Herðubreiðstungur."

DI IX, 638. 1843 átti Grenjaðarstaðakirkja hrossagöngu á Mývatnsfjöllum - JJ,

336. Um hrossabeit um vetur á Mývatnsöræfum, einkanlega í mellöndum austan við Nýjahraun sjá Ódádahraun III, 87-88. "Í mellönd [þau sem eru austan Nýjahrauns]

reka Mývetningar oft fé sitt á haustin og hafa það þar fram um hátíðar. Sjaldgæft

mun, að slys verði að þessu, fé fenni eða týnist, svo að teljandi sé, en oft hefur verið

erfitt að smala fénu saman og koma því austan úr mellöndum niður í sveit í hríðum og

fannfergjum. Hross voru einnig um langt skeið látin ganga þarna austur á fjöllumunum,

og áttu sumar kirkjur þar ítök um hrossagöngu, og hefur hún því vafalaust verið talin

til hlunninda. Nú mun þó að mestu hætt að láta hross ganga þarna." Ódádahraun I,

66. 1888 fékk Pétur Jónsson í Reykjahlíð verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns IX., hann

hafði búið þar frá 1839: "Varnargarðar um 800 f. Þrjú nýbýli reist í landi jarðarinnar,



tvö þeirra aptur lögð niður. Plægðar 2 dagsl. í

túni. Stundaði mjög garðrækt og reyndi

sáningu með byggi, höfrum og grasfræi. [...]

Byggðar heyllöður fyrir 12 kýrfóður og 9

fjárhús heima, fyrir 400 fjár, áður höfðu að

nokkru leyti hellar verið notaðir til að hýsa í

fje [Jónshellir og hellir við Hlíðarfjall?]. Hann

reisti reisulegan bæ og steinkirkju."

(Búnaðarrit 15, 198).

*Gaml i vegur SP-208: 124 horft til austurs*

### SP-208:124 Gamlivegur

N65°39.693 W16°32.016

Þar sem fyrirhugað vegarstæði liggur yfir veginn snýr vegurinn í austur/vestur

samsíða þjóðveg 1 en hann er um 130-150 m norðar en þjóðvegurinn. Vegurinn var

ekki genginn nema á þeim kafla sem væntanlegt vegarstæði færi í gegnum hann. Þar

er vegurinn um tveggja metra breiður eða sem svarar einni bílbreidd. Tveir grónir

hryggir liggja eftir honum endilöngum og mynda þannig saman þrjár götur.

Vegurinn liggur um slétt land og er hvergi byggður upp þar sem væntanlegt

vegarstæði er. Þar sem vegurinn mætir vegi F862 hafa verið settir steinar á veginn til

að loka honum fyrir umferð. Vegurinn er s.k. Gamlivegur og var hann varðaður.

"Gamlivegur, póstvegur á Mývatnsfjöllum, lagður um 1880," segir í viðbæti við örnefnaskrá. Vegurinn lá frá Reykjahlíð, yfir Námaskarð og áfram sem leið liggur allt austur að sæluhúsinu við Jökulsá. Hann var allur varðaður og sumstaðar má enn sjá gömlu vörðurnar skammt utan þjóðvegjar. Langmestur hluti leiðarinnar liggur yfir uppgróin hraun og sanda.<sup>1</sup> Hæsti punktur væntanlega í Námaskarði. Leifar vegjarins sjálfs sjást ekki nema þar sem jeppamenn hafa ekið á síðustu árum.

Vörðurnar eru besta kennileitið og hafa þær margar verið hlaðnar upp á síðastliðnum árum. Það verk er lengst komið á vestari hluta póstvegjarins; fyrsta varðan á austurleið er skammt vestan Námaskarðs. Austan skarðsins standa svo upphlaðnar vörður í röðum, þar er algengast að um 100 m séu á milli. Upprunalegu vörðurnar eru líklega allar hrundar, t.d. eru leifar þriggja slíkra skammt vestan við sæluhúsið við Jökulsá, en þar var ferjað yfir.

Ein af áður nefndum vörðum við veginn sem getið var hér að ofan lendir í fyrirhugaðri Veglínu A. Varðan er ein af mörgum sem hlaðin er ekki all fjærri þjóðveginum á þessum slóðum en fylgdi upphaflega póstleiðinni (Gamlavegi). Umrædd varða (N65°39.681 W16°32.016) stendur um 100 m norðan við þjóðveg 1, hlaðin úr stóru grjóti og er svo til alveg ferhyrind. Hún er um 1 x 1 m að flatarmáli, 1,3 m á hæð og um 7-8 umför, stendur í sléttu og frekar gróðurléttu landi. Voru þessar vörður endurhlaðnar seint á síðustu öld.

**SP-208:139** varða leið

65°41.376N 16°22.847V

Varða er fast vestan við Jökulsá á Fjöllum, tæpa 9 km norðvestur af brú yfir Jökulsá, um 300 m austan við fyrirhugaða veglínu. Umhverfis eru svartir melsandar og helluhraunshryggir.

Varða er um 0,9 m há og um 0,7 m í þvermál neðst. Hún stendur á helluhraunshrygg fast vestan við Jökulsá á Fjöllum, tæpa 9 km norðvestur af brú á Jökulsá. Um 300 m NV af þessari vörðu er önnur, 208:139A. Hún er um 1 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst og stendur á hraunhrygg. Í norðvestri sést önnur varða, sjá fornleif 140.

**Hættumat:** hætta, vegna veggerðar.



Ljósmynd: SP208\_139\_A.

**SP-208:140** varða 65°47.333N 16°25.071V

Varða er á vesturbakka Jökulsár á Fjöllum, um 18 km norðvestur frá brúnni á ánni, en um 18 m austan við veglínu. Vestar eru gjallmelar með mjög strjálu og gisnu gróðurívafi.

Varðan er um 0,8 m á hæð og um 0,7 m í þvermál neðst. Í fjarska, í norðaustri, virðist óljóst sjá móta fyrir annarri vörðu en þó ekki óyggjandi.



Ljósmynd: SP208\_140\_N.

<sup>1</sup> Við lýsingu á Gamlavegi var stuðst við aðalskráningu Fornleifastofnunar Íslands á svæðinu sbr. eftirfarandi skýrslu: Birna Lárusdóttir (2000). Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímstaða og Kálfastrandar auk afreitarlanda. FS118-96014. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, bls 99.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar.

### SP-005 Tóveggur

1712: "Jarðadýrleiki óviss, því þetta kot hefur ekki tíundast so menn viti, og er óvíst hvort þetta býli er forn lögbýlisjörð eður ekki, samt hefur það so verið haldið í manna minni." Áskirkjueign. 1712 er Tóveggjastekkur eyðibýli, síðar Maríugerði og Sjónarhólsgerði en ekki vitað hvenær þau voru í byggð.

"land jarðarinnar er fremur lítið og afmarkast það af landi Ingveldarstaða að vestan, Ásheiðar að sunnan, Meiðavallalandi að austan, og Álandi að norðan." Land og fólk, 304

1712: "Engjatak á kotið takmarkað út á sandinum í Áslandi, sem kallast Botnateigar, og er þángað lánður engjavegur, það er og mjög vott og ilt að vinna." JÁM XI, 295.

1917: Tún 1,9 ha þar af 1/2 sléttað. "Hér er gott beutiland fyrir sauðfé, mest lyngmóar, en einnig talsvert skógi vaxið, einkum austantil. Griphagar eru lélegir eins og víðar í uppsveit og engi eða önnur hlunnindi á jörðin ekki. Gjáhætta er mikil og vatnsból ekkert nema í Tóveggjargjánni." Land og fólk, 304.

### NP-005:005 Tóveggjarstekkur tóft býli

66°01.085N 16°34.359V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1712) segir: "Toveggjarsteckur heitir stekkjarsæði kotsins hjer í landinu og halda menn að þar hafi í fyrndinni bygt verið, eftir sem líklegt sýnist af fornum garðalögum og tóftarústum. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, þó er túnstæðið ræktandi."

"Suðaustur úr túni eru grónir móar og smádokkir, sem ná að allhárri hæð, er nefnist Steinás. Suðvestur af ásnunum er stekkur, Tóveggjarstekkur." segir í örnefnaskrá. Tóftir Tóveggjarstekks eru um 20 m austan við þjóðveg; 500-1000 m sunnan við vinkilbeygju á þjóðvegi til suðurs, upp með Jökulsá. Á þessu svæði afmarkar vallargarður (sjá 005:005A-N)

svæði sem er um 150 X 120 m stórt VNV-ASA. Innan vallargarðsins eru stekkjartóftir 005:005, náttthagi (sjá 005:005O-U) og stök tóft (sjá 005:005Ú). Fyrirhugað vegarstæði kemur til með að liggja yfir vesturhluta tóftasvæðisins.


Stórþýfður lyngmói er umhverfis en tóftin kúrir sunnan í lynggrónu holti.

Tóftasvæðið við Tóveggjarsteck er samtals um 150 X 120-130 m stórt og afmarkast af vallargarði (A-N). Garðurinn er sporöskjulaga (samtals um 500 m langur) og er Tóveggjarstekkur 005:005 byggður við hann. Garðurinn er lynggróinn og um 0,4 m hár að jafnaði en er hæstur 0,6 m og 1-1,5 m breiður. Hann nær fast vestur frá stekki 005:005 og h.u.b. 40 m í vestur og svo norðvestur. Þar hefur þjóðvegur tekið af vesturenda garðsins sem birtist svo aftur sömu megin vegar um 60 m sunnar. Um 30 m austan og norðan við stekkin 005:005 er hringlaga gerði (O-U), e.t.v. náttthagi. Það er um 50 m austan við þjóðveg en fyrirhugað vegarstæði er á sama stað. Gerðið er lynggróið og ansi sigið, um 70 X 50 m að stærð (norður-suður, en samtals er garðurinn um 200 m langur og er lokaður hringur). Hæðin er um 0,3 m og breiddin um 1 m. Þar sem engin mannvirki er að sjá innan gerðisins er ekki ólíklegt að um náttthaga sé að ræða.





Stekkjartóftin 005:005 skiptist í 2 hólf, 10 X 7 m á stærð og snýr austur-vestur. Hún rís hæst til vesturs, 1-2 m úr umhverfinu. Hún er grasi gróin og engar grjóthleðslur eru í tóftinni og ekki er hægt að greina á henni op en þó einna helst austan við



Ljósmynd: NP005\_005\_NV.

miðjan suðurvegg. Önnur tóft, Ú, er á ávölu lyng holti, h.u.b. 30 m austan þjóðvegur en um 80 m norðan við stekkin (005:005). Tóftin er vallgróin en nokkuð köntuð þótt veggir séu farnir að afmyndast. Hún er um 11 X 5 m, snýr norður-suður og er aðeins 1 hólf. Veggir eru rofnir á stöku stað. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni. Við norðausturhorn tóftar, að utan, er djúp gryfja 1,5-2 m í þvermál, sennilega náttúruleg. Fjargata liggur í gegnum tóftina A-V, heldur norðan við miðja tóft. Þar gætu hafa verið dyr.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**Heimildir:** JÁM XI, 295; Ö-Tóveggur, 3.

**NP-005:007** *Mariugerði* tóftir býli

65°59.808N 16°34.009V

"Mariugerði. Norðaustur frá Tóvegg, nú komið undir tún." segir í Landi og fólki, en lýsingin er ekki allskostar rétt nema nafnið Mariugerði hafi verið notað á tveimur stöðum. Mariugerði sem hér um ræðir er langt utan við tún, 3 km suðsuðraustan við Tóvegg og um 2 m norðan við þjóðveg en fyrirhugað vegarstaði er á sama stað. Heimamenn hafa löngum talið Mariugerði vera þar sem nú sést aðeins vallargarður en sé hann rakinn til suðurs, h.u.b. 200 m, liggur hann að þeirri tóft sem hér er skráð sem Mariugerði 005:007 og verður að teljast líklegasta staðsetning Mariugerðis á svæðinu. Mariugerðistöftin er nokkurn veginn nákvæmlega í fyrirhuguðu vegarstaði, um 2 m austan við núverandi þjóðveg. Miklir vallargarðar eru umhverfis tóftina, bæði austan og vestan núverandi þjóðvegur þótt flestir garðarnir séu austan vegar. Umhverfis er lyng- og víðimói. Flatneskja í austri og suðri en smáhæðir í vestri og norðri.

Við Mariugerði eru auk tóftar (hér eftir nefnd Mariugerði 005:007) miklir vallargarðar sem samtals afmarka svæði sem er um 220 m N-S og um 230 m A-V. Flestir, ef ekki allir vallargarðanna hafa líklega

gengt vörsluhlutverki og/eða girt af tún. Hér verður svæðinu lýst þannig að byrjað verður á lýsingu á Mariugerðistöftinni en síðan helstu vallargörðum lýst. Á hverjum garði voru tekin allmörg hnit og garðarnir merktir eftir þeim.



Mariúgerðistóftin er um 22 X 15 m á stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í 4 hólf og er kafloðin lyngi og víði. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en þó gæti það vel verið neðst í veggjum sem eru töluvert sokknir. Ekki er innangengt nema á milli nyrstu hólfanna tveggja. Op er vestast á norðurvegg tóftar og fyrir miðri tóft að vestan er op inn í stærsta hólf tóftarinnar. Veggir tóftarinnar eru ekki háir heldur er tóftin frekar sokkin en upphlaðin, þ.e. hólfín eru nokkuð djúp, dýpst 0,9 m, innanveggja.



Ljósmynd: NP005\_007A\_N

Verður nú þeim garðlögðum sem eru umhverfis Mariúgerði lýst og byrjað á garði (005:007A-K) sem liggur frá Mariúgerði 005:007, í hálfhring til austurs, svo til norðurs og þá til vesturs. Þvermál þess svæðis sem þessi garður afmarkar, h.u.b. hálfhringur, er um 150 m N-S en lengd garðsins er um 350 m. Garðurinn er siginn, mesta hæð um 0,3 m en hann er harla breiður á köflum, 1-2 m. Vestan við þjóðveg, uppi á hæð, hverfur garðurinn sem er lyngivaxinn. Grjót er ekki að sjá í garðinum enda er hann siginn - grjót gæti leynst neðst í honum. Samhliða garði A-K er garður, 50-60 m sunnan við, sem er allur minni og ógreinilegri heldur en garður A-K en liggur harla beinn frá núverandi þjóðvegi í vestri og til austurs að garði A-K þar sem hann beygir til suðurs. Við austurhluta garðsins er þúfnasvæði, hugsanlega signar tóftaleifar, mjög signar og vart greinanlegar. Annar garður (005:007L-M) liggur SSA-NNV, á ská á milli garða 007A-K og 007N-Ú, um 90 m norðaustan við Mariúgerði. Garðurinn er um 40 m langur og er mikið siginn, hæstur um 0,3 m á hæð, og er um 1 m breiður. Ekki er grjót sjáanlegt í garðinum sem er lynggróinn. Þriðji garðurinn á þessum slóðum (005:007N-Ú) liggur úr norðri til suðurs, að Mariúgerði, með sveigju til vesturs. Styst er í garðinn ASA frá Mariúgerði 005\_007, um 50 m. Garðurinn er um 280 m langur og er samhliða garði A-K. Breiðastur er garðurinn 2,5 m en er mikið siginn. Hvorki er grjót sjáanlegt né heldur greinileg op í garðinn. Vestan þjóðveggar liggur garðurinn upp hæð og hverfur þar í skógi. Fjórði garðurinn á svæðinu (005:007V-W) liggur á milli garða 005\_007A-K og 005\_007N-Ú, úr austri vestur að Mariúgerði 005:007 rétt tæpa 60 m. Vestur frá Mariúgerði liggur garðurinn í VNV, yfir núverandi þjóðveg, h.u.b. 40 m að sprungu sem snýr N-S. Garðurinn er siginn, um 0,3 m á hæð, og um 1 m breiður. Ekki er grjót sjáanlegt í garðinum sem er lyngvaxinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**Heimildir:** Land og fólk, 324.

### NP-023b Hæringsstaðir


1712: jarðadýrleiki óviss, Hólastólseign. Í eyði frá bólu, byggðist aftur og var í byggð 1792. Eyðibýli 1712, Skálholt og ef til vill Víðigerði. Einnig byggð síðar Ytra- og Syðra-Geitahöfðagerði og Ytri- og Syðri-Sámsstaðir. Gætu verið í landi Meiðavalla.

1712: "Engjar aldeilis öngvar, og fjekk ábúandi úthey af ýmsum jörðum meðan bygt var." JÁM XI, 295

**NP-023b:001** *Hæringsstaðir* bæjarhóll bústaður 66°01.599N 16°32.652V  
 "Gamalt býli í landi Meiðavalla, um miðja vegu milli Meiðavalla og Tóveggjar. Þar er ennþá túnblettur til nytja og sér vel fyrir tóftum bæjarhúsa." segir í Landi og fólki. Í örnefnaskrá Meiðavalla er



Ljósmynd: NP023b\_001\_SV



2m

getið um sama býli. Þar segir: "Vestur af Rana er svo annað eyðibýli, sem hefur að fornu heitið Hræreksstaðir, afbökun hefur átt sér stað með nafnið, en þetta mun vera elzt og réttast." Hæringsstaðir eru rétt um 900 m vestnorðvestur af Meiðavöllum (023\_001), norðan við Meiðavallaskóg. Tóftasvæðið liggur að hluta undir fyrirhuguðu vegarstæði sem er áætlað nokkurn vegin þar sem núverandi þjóðvegur er, sjá fornleif 010 (hnit 023b\_010). Á tóftasvæðinu, innan túngarðs, eru að minnsta kosti 11 fornleifar. Túngarður 010 er umhverfis býlið og innan hans er grösugt tún en utan túngarðs eru lymgmóar.

Bæjarhóllinn er um 40 X 18 m, snýr norður-suður á lengdina og rís talvert úr túninu umhverfis. Í tóftinni miðri var síðar byggður kofi og sjást ummerki hans á grjóthlöðnum grunni sem rís hæst á tóftasvæðinu. Grunnurinn er um 5 X 4 m og snýr austur-vestur, 2 - 3 umför grjóts. Tóftin skiptist í 7 - 8 hólf að kofagrunninum meðtöldum og er innangengt í 6 hólf. Lítið sem ekkert grjót sést á tóftasvæðinu fyrir utan kofagrunninn. Nyrst eru 2 hólf, nokkuð samhliða. Úr því austara, sem er minna en hið vestara, er innangengt í vesturhólfið en á hvorugu hólfinu eru útdyr. Úr vesturhólfinu er svo innangengt í hólf til suðurs og þaðan áfram til suðurs inn í stórt hólf, sem tekur yfir tóftarbreiddina A-V, sem er opið til austurs. Hugsanlega sér fyrir garða í því hólfi. Úr þessu hólfi er opið inn í syðsta hólf tóftarinnar sem er lítið. Fyrir utan kofarústina eru þá hólfin upptalin að undanskildu því hólfi sem er fyrir miðri tóft, austanmegin. Það er eina hólfið þar sem greinilegar dyr eru á útvegg. Er sú tóft harla djúp. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m. Tóftin er kofloðin grasi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**Heimildir:** Land og fólk, 320; Ö-Meiðavellir, 4.

**NP-023b:010** garðlag túngarður 66°01.666N 16°32.693V  
 Túngarður liggur umhverfis bæ 001 og er að mestu sunnan við þjóðveg en vegurinn liggur þó yfir túngarðinn nyrst (hnit 023b\_010). Fyrirhugað vegarstæði er nokkur

vegin áætlað þar sem þjóðvegurinn liggur nú.

Gróðurfar innan og utan túngarðs er ólíkt: innan við túngarð er gras en lyngmói utan við.

Tvöfaldan túngarð má greina umhverfis túnin. Innri garðurinn er mest lynggróinn og er lítið sem ekkert rofinn þótt skörð séu í hér og hvar. Nánast ekkert grjót er sjáanlegt í garðinum og er hann hæstur um 1,1 m en er að jafnaði um 0,7 m á hæð og 0,7 - 1,1 m breiður. Lengdin er um 600 m. Ytri garðurinn virðist eldri, mun



Ljósmynd: NP023b\_10\_NV

signari og ógreinilegri, er utan við ofangreindan garð í 20-70 m fjarlægð. Innri (yngri) garðurinn er óreglulegur, nokkuð hringlaga en sá ytri er mun kantadri. Ytri garðurinn er nánast alveg heill norðan og vestan við innri garðinn. Frá hnit 010I, sem er austasta hornið á innra garðinum, heldur sá ytri áfram til norðurs í um 60 m en þar er vinkilbeygja til vesturs. Nokkrum metrum eftir beygjuna sker núverandi þjóðvegur garðinn sem birtist aftur norðan vegar og heldur sinni stefnu í um 170 m (öll norðurhliðin). Nú er aftur vinkilbeygja á garðinum til suðurs, aftur sker þjóðvegurinn garðinn í sundur en þessi hlið, vesturhliðin, er um 230 m löng. Enn er vinkilbeygja á garðinum og nú til austurs, 50 m, og liggur að innri garðinum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**NP-023b:011** tóft útihús


66°01.582N 16°32.555V

Um 80 m suðaustur af bæ 001 er útihústóft, um 180 m suðaustan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er áætlað á næstum sama stað og núverandi þjóðvegur.

Tóftin er í suðausturhorni túns og er byggð norðvestan í klöpp. Sunnan við túngarðinn tekur við lyngmói.

Tóftin er byggð norðvestan í hálfgróna klöpp þannig að klöppin virkar sem suðausturhlið tóftarinnar. 2-3 m sunnan við tóft, uppi á klöppinni, liggur túngarðurinn (010) A-V. Tóftin er 2 hólfa og er ekki op milli hólfa. Hún er 13 X 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er í norðurhorni tóftar og einnig fyrir miðjum suðvesturvegg. Hleðslur eru að mestu úr torfi þótt grjót megi sjá á stöku stað. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar.



**NP-023b:012** (sjá teikn \_011 hér að framan) tóft brunnur 66°01.582N 16°32.599V

Fast vestnorðvestan við fornleif 011 er tóft í tölverðum halla til suðausturs, um 50 m suðaustan við bæ 001 og um 170 m SSA við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum áætlað á svipuðum stað og núverandi þjóðvegur liggur.

Tóftin er í suðausturhorni túns og nokkru innan túngarðs. Tóftin, og einnig tóft 011, eru í tölverðri dokk sem liggur á milli túngarðs sem er skammt suðaustan tóftirnar og svo grasbrekku sem er heiman við (NV) tóftir og hallar til suðausturs.

Tóftin er um 11 X 4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 2 hólf. Efra hólfíð, norðvestara, er með dyrum sem vísa mót norðvestri. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli hólf. Neðst í tóftinni, í SA-hólfinu, er 1,4 m djúp gryfja sem mun hafa verið brunnur að sögn Árna

Óskarssonar bónda á Meiðavöllum. Gryfjan er algróin grasi og er þurr. Grjóthleðslur sjást ekki með góðu móti í gryfjunni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar.



Ljósmynd: 023b\_012\_NV.


**NP-023b:013** tóft útihús

Útihústóft er nokkru innan við túngarð 010; um 15 m vestan við hnit 10H. Um 70 m ASA við bæ 001 og um 170 m SA við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum á svipuðum stað og núverandi vegur liggur. Tóftin er í suðausturhorni túns. Innan við (NV) túngarð er gras en lyngmói utan við.

Tóftin er um 8 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur og er mjög óljós milliveggur sem hugsanlega hefur skipt henni í tvennt. Op er í norðvesturhorni tóftar sem er öll úr torfi. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar.

66°01.591N 16°32.563V



**NP-023b:014** tóft útihús

Útihústóft er um 5 m innan (suðvestan) við túngarð 010 Í og er samföst honum. Um 115 m norðaustur af bæ 001 og 100-150 m suðaustur af þjóðvegi þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum á svipuðum stað og núverandi þjóðvegurinn liggur.

Gras er inni í tóft en lyngmói utan við tóft; utan við túngarð. Tóftin er einföld og um 4 X 4 m að stærð. Túngarður 010 myndar austurhlið hennar. Dyr eru vestast á suðurvegg tóftar sem er úr torfi. Ekkert grjótt sjáanlegt. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar.


66°01.646N 16°32.550V



**NP-023b:015** garðlag nátthagi

Fast norðan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010, er garður/gerði sem liggur h.u.b. í hálfhring. Vegurinn sker garðinn/gerðið frá túngarði 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum áætlað á svipuðum stað og

66°01.678N 16°32.624V



Gerðið er því breiðast næst þjóðveginum, um 40 m. Garðurinn/gerðið er svipað að útliti og túngarðurinn, er um 1 m á hæð og um 1 m breiður og um 100 m langur. Staðsetning og lögun garðs/gerðis bendir helst til að það hafi verið náthagi eða annarskonar aðhald.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**NP-023b:016** tóft

Um 180 m norður af bæ 001 er tóft, byggð utan í garð/gerði 015, 50-60 m norðan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010, en fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum áætlað á svipuðum stað og núverandi þjóðvegur liggur. Tóftin er rétt norðan við núverandi þjóðveg. Lyngivaxnir og þýfðir móar eru utan við garðinn/gerðið sem tóftin er byggð upp við, en innangarðs er grösugra.

Tóftin er byggð utan í garð/gerði 015 og myndar það austurhlið tóftarinnar. Tóftin er 8 X 4 m að stærð, einföld, og snýr NNA-SSV. Dyr eru vestast á suðurhlið hennar. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni sem er kafloðin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**NP-023b:017** tóft útihús 66°01.639N 16°32.672V



Um 100 m suður af bæ 001 er útihústóft, um 50 m SSA við þar sem túngarður liggur undir þjóðveg, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum áætlað á svipuðum stað og þar sem núverandi þjóðvegurinn liggur. Tóftin er í grösugu túni hvar óslétt er innan túngarðs 010.

Tóftin er mjög óljós þar sem aðeins útveggir eru greinanlegir og því lítur hún út eins og upphækkun/pallur- í túninu. Tóftin er um 12 X 6 m á stærð og snýr NA-SV. Sennilega eru leifar garða, langsum fyrir miðri tóft. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni og ekki er unnt að greina hólfaskipan.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**NP-023b:018** tóft útihús 66°01.667N 16°32.676V

Tóft, líklega af útihúsi, er um 5 m sunnan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur

núverandi þjóðvegurinn liggur. Garðurinn/gerðið er fast norðan við núverandi þjóðveg. Lyngivaxnir og þýfðir móar eru utan við garð/gerði en innangarðs/gerðis er grösugra. Garðurinn virðist vera einskonar viðbót/framhald af túngarði 010. Túngarður 010 snarbeygir til vesturs en garður 015 heldur áfram til norðnorðvesturs, um 50 m, yfir (undir) núverandi þjóðveg og svo til baka.



Lj ósmynd: NP023b\_015\_NV



yfir túngarð, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum áætlað á svipuðum stað og núverandi þjóðvegur liggur. Tóftin er um 130 m norður af bæ 001. Tóftin er nyrst í gamla túninu, fast sunnan við þjóðveg.

Tóftin er tvískipt, um 12 X 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er ólöguleg og er öll sokkin. Ekki er innangengt milli hólfa en dyr austast á suðurvegg eystra hólfsins og vestast á suðurhlið stærra (vestara) hólfsins. Ekkert grjót er sjáanlegt við tóftina.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

**NP-023b:019** tóft útihús


66°01.641N 16°32.608V

Tóft, líklega af útihúsi, er um 80 m norðaustur af bæ 001 og um 80 m suðaustan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir túngarð, sjá fornleif 010. Fyrirhugað vegarstæði er á þessum slóðum áætlað á svipuðum stað og núverandi þjóðvegurinn liggur.

Tóftin er í túninu gamla.

Hún snýr NA-SV og er um 18 X 6 m að stærð. Norðausturhluta tóftar hallar talsvert til norðausturs en suðvesturhlutanum hallar mun minna. Norðausturhluti skiptist í 2 hólfið og er innangengt á milli þeirra. Norðeystra hólfið er nokkurskonar gryfja en suðvestara hólfið er mun grynna. Sú tóft er aðeins 1 hólfið og eru ekki dyr að sjá á því. Ekkert grjót er að sjá við tóftina sem er kafloðin grasi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.



**NP-613 Dettifoss-afrétt**

**NP-613:001** varða leið

65°55.116N 16°35.012V

Slétta 12 km SSV frá Meiðavöllum er varða - vörðubrot; tæpa 2 km sunnan við afleggjara í Vesturdal og um 40 m austan við jeppaslóða. Slóðinn er á svipuðum stað og fyrirhugað vegarstæði.

Varðan er á grónu holti en umhverfis er lyngmói. Fast austan við vörðu er mikil og breið gjá í landið.

Varðan er hálfhrunin, um 0,6 m há og um 0,7 m í þvermál neðst.

Í austri, á austurgjárbrún sér í vörðu og í vestri sér einnig í aðra vörðu uppi á grónum hrygg. Sennilega er varðan því hluti af varðaðri leið. Vörðurnar sín hvoru megin umræddrar vörðu eru langt utan við fyrirhugað vegarstæði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar.



Ljósmynd: NP613\_001\_A.

**NP-613:002** varða leið

65°52.993N 16°32.778V

Í austri sér yfir Hólmatungur. Varðan er um 4,5 km VNV við afleggjara í Hólmatungur. Önnur varða er um 260 suðsuðaustan við þessa vörðu. Báðar vörðurnar eru vestan þjóðvegjar og í talsverðri fjarlægð frá ráðgerðu vegarstæði. Því er sennilegt að þær séu ekki í sérstakri hættu vegna þess.

Melhæð, gisnar gróðurtorfur.

Varðan er um 0,6 m há og svipuð að þvermáli. Bæði í suðaustri og norðaustri sér í aðrar vörður sem eru fyrir utan fyrirhugað vegarstæði. Hugsanlega eru vörður þessar hluti gömlu reiðleiðarinnar frá Svínadal eða Fornaseli yfir Svínadalsháls. Önnur varða suðsuðaustar samanstendur af 5 steinum í hrúgu ofan á stórum steini. Er um 260 suðsuðaustan við vörðu 613\_002. Í suðri sér í aðra vörðu.



**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.

Ljósmynd: NP613\_002\_NV.

**NP-613:003** varða leið

65°52.507N 16°30.578V

Varða eða vörðubrot er á nokkuð áberandi hóli, 50-100 m norðan við fyrirhugaða veglínu. Um 2,7 km vestan við afleggjar ofan í Hólmatungur.

Gróið svæði en melar á milli.

Varðan er hálfhrunin, h.u.b. 0,5 m á hæð og 0,6 m í þvermál neðst. Ekki sjást aðrar vörður nálægt sem gætu átt við þessa vörðu. Þó má álykta sem svo að ekki sé ósennilegt að varðan sé kennileiti eða hluti gamallar leiðar frá Fornaseli sem er um 1,7 km norðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar.



## 6. MINJAR INNAN ÁHRIFASVÆÐIS DETTIFOSSVEGAR

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að innan áhrifasvæðis Dettifossvegur og í jaðri þess eru samtals þekktir 19 minjastaðir. Allar fornleifarnar 19 töldust í einhverri hættu sökum vegavinnu og flestar þeirra í stórhættu. Undantekning frá þessu er þó helst tvö vörðubrot (NP-613:002) sem virðast lenda fjarri áætluðu vegastæði og ekki vera í bráðri hættu af þess völdum. Allar fornleifarnar, utan við fimm vörður (SP-208:139, SP-208:140, NP-613:001, 613:002 og 613:003) og Gamlaveg, eru í klösum á grónu flatlendi við Meiðavallaskóg. Þetta eru eftirfarandi fornleifar:

- Hæringsstaðir (023b:001 og 023b:010-019)
- Tóveggjarstekkur (005:005)
- Maríugerði (005:007).

Í öllum tilfellum er um að ræða umtalsverð minjasvæði þar sem býli hafa staðið. Á öllum stöðunum eru talsverðar tóftir og garðar sýnilegar á yfirborði en eðlilegt að gera ráð fyrir að þar leynist jafnvel enn frekari minjar undir sverði eins og algengt er í tünnum eldri býla. Núverandi vegur liggur þegar í gegnum öll þrjú tóftasvæðin, gróflegast á Hæringsstöðum og Maríugerði. Ljóst er að verði vegur bættur á þessum slóðum kemur hann til að skemma rústasvæðin enn frekar en þegar er orðið. Vegalína A sem skoðuð var 2005 liggur í gegnum fornleif SP-208:124, Gamlaveg, á einum stað og mun skemma Gamlaveg um eina vegbreidd eða svo og þarf Minjavörður að gefa leyfi fyrir slíkum framkvæmdum.

Endanleg staðsetning veglínunnar hefur ekki verið ákveðin. Því er vart hægt, að svo stöddu, að setja fram nákvæmar tillögur um til hvaða aðgerða eigi að grípa vegna þeirra fornleifa sem greint hefur verið frá hér að framan.

Rétt er að ítreka mikilvægi þess að tillit verði tekið til fornleifa á svæðinu við þróun og endalega ákvörðun veglínunnar. Þegar endanleg ákvörðun um staðsetningu liggur fyrir er mikilvægt að endurskoða hættumat fyrir alla minjastaðina.

Fornleifavernd ríkisins mun úrskurða um það hvort áætlað vegarstæði sé ásættanlegt með tilliti til fornleifa á svæðinu, hvort hefja megi framkvæmdir á svæðinu og þá með hvaða skilyrðum.

Hér að neðan er gefið sýnishorn um þær mótvægisáðgerðir sem hægt að grípa til, til verndar fornleifum sem eru í eða í næsta nágrenni vegarstæðisins:

- *Merkja má minjastaði* sem ekki lenda í vegastæðinu en eru nálægt því og í hættu af þeim sökum. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjastaðir skemmist ekki sökum vangáar við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- Mögulegt er að óska eftir heimild Fornleifaverndar fyrir því að *hylja fornleifar* án þess að rannsókn með uppgreftri fari fram. Þetta kemur því aðeins til greina að tryggt sé að fornleifarnar skemmist ekki, að þær séu mældar upp nákvæmlega fyrst og að þær teljist ekki svo áhugaverður að rannsókn sé nauðsynleg.
- *Vakta má viðkvæm svæði* á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð o.fl. þess háttar. Við því þarf að búast að fornleifar geta komið fram á ákveðnum svæðum og getur það tafið framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til vegarstæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar að Fornleifavernd telji það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- *Fornleifauppgreftir/könnunarskurðir* kunna að þykja nauðsynlegir þar sem Fornleifavernd hefur úrskurðað að fornleifar megi víkja vegna framkvæmda.

Í skýrslulok er rétt að minna á að við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og þá þarf að stöðva framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður Fornleifaverndar ríkisins er fenginn sbr. 20. gr. Þjóðminjalaga.

## HEIMILDIR

Ágúst Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.*

(Fornleifadeild – Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík).

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1988 [1943]. *Jarðabók.* 11. bindi – Þingeyjarsýsla. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

**JJ:** J.Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* (Kaupmannahöfn).

Þórarinn Þórarinnsson, Þórarinn Kristjánsson, Halldór Sigurðsson (ritnefnd). 1985. *Land og fólk – byggðasaga Norður-Þingeyinga.* Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga, Akureyri.

Óútgefnar heimildir:

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir et al. 2000. „Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda. Fornleifastofnun Íslands, Fjölrit nr. FS118-96014, Reykjavík.

*Fornleifastofnun Íslands.* ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

*Þjóðskjalasafn Íslands,* jarðadeild. Kelduneshreppur, túnakort frá 1917.

**Ö-Meiðavellir:** Örnefnaskrá Meiðavalla. Skúli Skúlason skráði, endurskoðuð af Kristjáni Eiríkssyni. Örnefnastofnun.

**Ö-Tóveggur:** Örnefnaskrá Tóveggs. Skúli Skúlason skráði, endurskoðuð af Kristjáni Eiríkssyni. Örnefnastofnun.

**Ö-Reykjahlíð.** Pétur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Reykjahlíð.** Viðbætur. Pétur Jónsson skráði 1958. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Reykjahlíð.** Viðbætur. Illugi Jónsson skráði 1983. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Reykjahlíð.** Viðbót. Ragnar Sigfinnsson skráði 1991. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Vogar.** Viðbætur. Skráð eftir Sigurgeir Jónassyni 1988. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Vogar.** Ari Gíslason, Sigurgeir Jónasson og Sigfús Illugason skráðu 1988-1992.  
Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn:

Árni Óskarsson Meiðavöllum fæddur 16.05.1946

Þorfinnur Jónsson Ingveldarstöðum fæddur 07.11.1927

Viðauki 1: STADSETNINGARHNIT:

Waypoint 005005 18-AUG-04 11:31 N66 01.085 W16 34.35966.2 m  
Symbol & Name 8/25/2004 7:39:15 AM

Waypoint 005005Á 19-AUG-04 12:49 N66 01.097 W16 34.39462.6 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:39:56 PM

Waypoint 005005É 19-AUG-04 12:58 N66 01.138 W16 34.27060.9 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:41:16 PM

Waypoint 005005Í 19-AUG-04 13:13 N66 01.078 W16 34.24760.4 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:42:03 PM

Waypoint 005005Ð 19-AUG-04 12:56 N66 01.143 W16 34.36564.5 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:40:54 PM

Waypoint 005005Ó 19-AUG-04 13:43 N66 01.110 W16 34.26564.1 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:43:13 PM

Waypoint 005005Ú 19-AUG-04 13:51 N66 01.127 W16 34.33061.4 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:54:50 PM

Waypoint 005005A 19-AUG-04 12:45 N66 01.088 W16 34.36765.5 m  
Symbol & Name 9/26/2004 11:17:32 AM

Waypoint 005005B 19-AUG-04 12:50 N66 01.101 W16 34.39962.6 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:40:06 PM

Waypoint 005005C 19-AUG-04 12:52 N66 01.132 W16 34.39961.6 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:40:19 PM

Waypoint 005005D 19-AUG-04 12:54 N66 01.142 W16 34.39064.1 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:40:28 PM

Waypoint 005005E 19-AUG-04 12:57 N66 01.143 W16 34.32360.0 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:41:07 PM

Waypoint 005005F 19-AUG-04 12:59 N66 01.129 W16 34.23061.6 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:41:30 PM

Waypoint 005005G 19-AUG-04 13:00 N66 01.122 W16 34.21163.1 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:41:41 PM

Waypoint 005005H 19-AUG-04 13:01 N66 01.110 W16 34.20164.3 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:41:48 PM

Waypoint 005005I 19-AUG-04 13:05 N66 01.088 W16 34.23659.7 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:41:55 PM

Waypoint 005005J 19-AUG-04 13:14 N66 01.061 W16 34.26159.0 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:42:16 PM

Waypoint 005005K 19-AUG-04 13:16 N66 01.063 W16 34.26661.4 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:42:27 PM

Waypoint 005005L 19-AUG-04 13:17 N66 01.071 W16 34.29262.6 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:42:35 PM

Waypoint 005005M 19-AUG-04 13:17 N66 01.077 W16 34.33162.9 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:42:51 PM

Waypoint 005005N 19-AUG-04 13:18 N66 01.080 W16 34.34162.4 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:42:57 PM

Waypoint 005005O 19-AUG-04 13:41 N66 01.119 W16 34.27660.9 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:43:06 PM

Waypoint 005005P 19-AUG-04 13:44 N66 01.093 W16 34.26364.5 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:43:23 PM


Waypoint 005005Q 19-AUG-04 13:45 N66 01.083 W16 34.27063.8 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:43:30 PM

Waypoint 005005R 19-AUG-04 13:46 N66 01.082 W16 34.31363.3 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:43:39 PM  
Waypoint 005005S 19-AUG-04 13:47 N66 01.091 W16 34.32661.9 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:43:48 PM  
Waypoint 005005T 19-AUG-04 13:48 N66 01.118 W16 34.30464.1 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:44:02 PM  
Waypoint 005005U 19-AUG-04 13:48 N66 01.119 W16 34.29265.0 m  
Symbol & Name 9/26/2004 2:44:14 PM  
Waypoint 005007 19-AUG-04 15:44 N65 59.808 W16 34.009125 m  
Symbol & Name 8/25/2004 7:53:41 AM  
Waypoint 005007Á 19-AUG-04 15:28 N65 59.882 W16 34.139130 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:03:07 PM  
Waypoint 005007É 19-AUG-04 14:33 N65 59.884 W16 33.926116 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:04:46 PM  
Waypoint 005007Í 19-AUG-04 15:15 N65 59.816 W16 33.975125 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:05:55 PM  
Waypoint 005007Ð 19-AUG-04 15:24 N65 59.892 W16 34.009124 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:04:08 PM  
Waypoint 005007Ó 19-AUG-04 14:50 N65 59.836 W16 33.868116 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:52:10 AM  
Waypoint 005007Ú 19-AUG-04 15:01 N65 59.774 W16 34.038130 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:54:09 AM  
Waypoint 005007A 19-AUG-04 14:32 N65 59.882 W16 33.946117 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:01:42 PM  
Waypoint 005007B 19-AUG-04 15:26 N65 59.884 W16 34.081126 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:03:20 PM  
Waypoint 005007C 19-AUG-04 15:26 N65 59.886 W16 34.076125 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:03:27 PM  
Waypoint 005007D 19-AUG-04 15:25 N65 59.888 W16 34.042123 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:03:34 PM  
Waypoint 005007E 19-AUG-04 15:23 N65 59.892 W16 33.970123 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:04:28 PM  
Waypoint 005007F 19-AUG-04 14:34 N65 59.876 W16 33.907115 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:05:03 PM  
Waypoint 005007G 19-AUG-04 14:34 N65 59.866 W16 33.907116 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:05:21 PM  
Waypoint 005007H 19-AUG-04 14:35 N65 59.842 W16 33.918120 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:05:31 PM  
Waypoint 005007I 19-AUG-04 15:12 N65 59.815 W16 33.960125 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:05:42 PM  
Waypoint 005007J 19-AUG-04 15:16 N65 59.814 W16 33.982123 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:06:10 PM  
Waypoint 005007K 19-AUG-04 15:16 N65 59.801 W16 33.981124 m  
Symbol & Name 9/29/2004 1:06:24 PM  
Waypoint 005007L N65 59.842 W16 33.918 Symbol & Name  
9/30/2004 10:50:15 AM  
Waypoint 005007M 19-AUG-04 14:43 N65 59.823 W16 33.896123 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:50:27 AM  
Waypoint 005007N 19-AUG-04 14:48 N65 59.883 W16 33.868115 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:51:50 AM


Waypoint 005007O 19-AUG-04 14:49 N65 59.862 W16 33.850112 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:52:02 AM  
Waypoint 005007P 19-AUG-04 14:51 N65 59.811 W16 33.912125 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:52:58 AM  
Waypoint 005007Q 19-AUG-04 14:52 N65 59.802 W16 33.941128 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:53:11 AM  
Waypoint 005007R 19-AUG-04 14:53 N65 59.776 W16 33.979129 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:53:21 AM  
Waypoint 005007S 19-AUG-04 14:55 N65 59.772 W16 33.986127 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:53:37 AM  
Waypoint 005007T 19-AUG-04 14:55 N65 59.773 W16 34.003127 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:53:47 AM  
Waypoint 005007U 19-AUG-04 14:57 N65 59.773 W16 34.013128 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:54:00 AM  
Waypoint 005007V 19-AUG-04 15:05 N65 59.798 W16 33.935121 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:55:32 AM  
Waypoint 005007W 19-AUG-04 15:07 N65 59.804 W16 34.010124 m  
Symbol & Name 9/30/2004 10:55:59 AM  
Waypoint 023B001 19-AUG-04 09:20 N66 01.599 W16 32.65236.9 m  
Symbol & Name 10/2/2004 1:21:47 PM  
Waypoint 023B010 18-AUG-04 15:45 N66 01.666 W16 32.69335.2 m  
Symbol & Name 8/24/2004 2:19:59 PM  
Waypoint 023B010Á 18-AUG-04 15:48 N66 01.653 W16 32.71538.1 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:03:19 PM  
Waypoint 023B010É 18-AUG-04 15:57 N66 01.573 W16 32.66538.8 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:18 PM  
Waypoint 023B010Í 18-AUG-04 16:44 N66 01.647 W16 32.54533.3 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:57 PM  
Waypoint 023B010Ð 18-AUG-04 15:55 N66 01.584 W16 32.70738.3 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:03:52 PM  
Waypoint 023B010A 18-AUG-04 15:47 N66 01.659 W16 32.70637.1 m  
Symbol & Name 8/24/2004 2:20:24 PM  
Waypoint 023B010B 18-AUG-04 15:51 N66 01.643 W16 32.73440.0 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:03:27 PM  
Waypoint 023B010C 18-AUG-04 15:52 N66 01.631 W16 32.74037.4 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:03:35 PM  
Waypoint 023B010D 18-AUG-04 15:53 N66 01.624 W16 32.73437.9 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:03:45 PM  
Waypoint 023B010E 18-AUG-04 15:56 N66 01.575 W16 32.69640.0 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:00 PM  
Waypoint 023B010F 18-AUG-04 16:01 N66 01.571 W16 32.65841.0 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:29 PM  
Waypoint 023B010G 18-AUG-04 16:03 N66 01.554 W16 32.63239.5 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:36 PM  
Waypoint 023B010H 18-AUG-04 16:40 N66 01.589 W16 32.54534.5 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:44 PM  
Waypoint 023B010I 18-AUG-04 16:43 N66 01.647 W16 32.51732.6 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:04:51 PM  
Waypoint 023B010J 18-AUG-04 16:51 N66 01.671 W16 32.59932.3 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:05:07 PM

Waypoint 023B010K 18-AUG-04 16:53 N66 01.665 W16 32.60730.6 m  
Symbol & Name 10/5/2004 8:05:14 PM  
Waypoint 023B011 18-AUG-04 16:07 N66 01.585 W16 32.562  
Symbol & Name 10/6/2004 11:22:37 AM  
Waypoint 023B012 18-AUG-04 16:20 N66 01.582 W16 32.59931.4 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:29:15 PM  
Waypoint 023B013 18-AUG-04 16:32 N66 01.591 W16 32.56329.7 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:29:26 PM  
Waypoint 023B014 18-AUG-04 16:45 N66 01.645 W16 32.55034.5 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:29:44 PM  
Waypoint 023B015 18-AUG-04 16:55 N66 01.678 W16 32.62431.1 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:30:22 PM  
Waypoint 023B015A 18-AUG-04 16:58 N66 01.693 W16 32.63932.6 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:30:37 PM  
Waypoint 023B015B 18-AUG-04 17:00 N66 01.699 W16 32.66230.4 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:30:47 PM  
Waypoint 023B015C 18-AUG-04 17:07 N66 01.673 W16 32.67028.2 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:30:58 PM  
Waypoint 023B016 18-AUG-04 17:02 N66 01.695 W16 32.66328.7 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:32:36 PM  
Waypoint 023B017 19-AUG-04 10:07 N66 01.639 W16 32.67229.9 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:32:54 PM  
Waypoint 023B018 19-AUG-04 10:17 N66 01.667 W16 32.67634.7 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:36:47 PM  
Waypoint 023B019 19-AUG-04 10:39 N66 01.641 W16 32.60830.6 m  
Symbol & Name 8/24/2004 5:36:59 PM  
Waypoint 208139 17-AUG-04 12:15 N65 41.376 W16 22.847355 m  
Symbol & Name 8/26/2004 12:54:58 PM  
Waypoint 208139A 17-AUG-04 11:57 N65 41.473 W16 23.158361 m  
Symbol & Name 8/26/2004 1:14:25 PM  
Waypoint 208140 17-AUG-04 17:38 N65 47.333 W16 25.071353 m  
Symbol & Name 8/26/2004 1:15:43 PM  
Waypoint 613001 19-AUG-04 18:23 N65 55.116 W16 35.012278 m  
Symbol & Name 8/27/2004 10:13:02 AM  
Waypoint 613002 19-AUG-04 19:42 N65 52.994 W16 32.778354 m  
Symbol & Name 8/27/2004 10:13:13 AM  
Waypoint 613002A 19-AUG-04 19:55 N65 52.860 W16 32.665368 m  
Symbol & Name 10/10/2004 1:18:56 PM  
Waypoint 613003 19-AUG-04 20:37 N65 52.507 W16 30.578373 m  
Symbol & Name 10/10/2004 1:20:01 PM






Yfirlitsmynd af skráðum fornleifum, Gamlivegur (viðbót frá 2005) er merkt með bláu.



Hér sést dreifing kortanna hér á eftir.



Kort 1.



Kort 2




Kort 3.



Kort 4.



Kort 5.



Kort 6.







**Kort 8**



Kort 9, Gamllivegur SP-208:124